

Richard Wagner félagið á Íslandi

Vesturgötu 36B-101 Reykjavík-sími 5517292-fax 5516592

19. mars 2000

Ágætu félagar.

Aðalfundur félagsins verður haldinn sunnudaginn 26. mars kl. 13 í Norræna húsinu. Fundarstörf verða í samræmi við lög félagsins, þar á meðal kosning stjórnar sem fram skal fara annað hvert ár. Í núverandi stjórn eru auk formanns Jóhann J. Ólafsson varaformaður, Jón Ragnar Höskuldsson gjaldkeri, Sólrún Jensdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn Árni Björnsson, Árni Tómas Ragmarsson og Gretar Ívarsson. Ritari stjórnar Jóhannes Jónasson lést í september á síðasta ári og er hans minnst með söknuði, en hann var einn af hvatamönnum að stofnun félagsins og í stjórn frá upphafi.

Að loknum aðalfundarstörfum verða sýnd atriði af myndbandinu **The (First) Farewell Concert með Önnu Russell**. Til kynningar á Russell er vitnað í Valdemar Pálsson í Lesbók Morgunblaðsins 26. febrúar sl. Þar segir:

"Anna Russell er bresk að uppruna, lagði stund á söngnám, píanó-, sellóleik og tónsmíðar við Royal College of Music í Lundúnum. Hefðbundnum tónlistarferli varpaði hún hins vegar fyrir róða þegar augljóst var að framfarir voru alltof litlar og fjölskylda og nágrannar voru komnir á ystu nöf. Anna Russell segir að allir söngkennarar segi við nemendur sína að þeir eigi eftir að verða frábærir þótt þá skorti algerlega hæfileika en hún hafi sem betur fer séð ljósið eftir fimm gagnslaus ár í RCM. Þessa "harmrænu sögu brostinna vona" má heyra í upphafsatriði myndbandsins, *How to Become a Singer*. Um tíma starfaði Anna Russell við þjóðlagadeild BBC en því starfi lýsir hún í sprenglæggilegu lokaatriðinu *Jolly Old Sigmund Freud and Other Folk Tunes*, þar sem henni tekst best að fá áheyrendur til að kasta af sér öllum hömlum. Anna Russell fór vestur um haf til Toronto árið 1935 þar sem hún fór að taka þátt í gríntónleikum sem hljómsveitarstjórinn Sir Alexander MacMillan stóð fyrir. Þessir tónleikar og hvatning MacMillans urðu til þess að Anna Russell lagði út á þessa braut sem "musical cartoonist". Í rúmlega 50 ár var hún einn vinsælasti tónlistarskemmtikraftur Bandaríkjanna."

Fyrir utan ofangreind atriði af myndbandinu verður sýnt númerið *The Ring of the Nibelungs*, en um það segir Valdimar:

"Og þegar best lætur ná skemmtiatriði hennar því að vera hreinasta snilld eins og í frægasta atriði hennar *The Ring of the Nibelungs* - 20 mínútna úttekt á risalangloku Wagners. Engin orð fá lýst þessari frásögn Önnu Russell. Þetta verða allir Wagneraðdáendur að heyra og ekki síður þeir sem eiga bágð með að þola Niflungahringinn."

Svo mörg voru þau orð. Formaður hefur nú lagt inn pöntun á myndbandinu í versluninni "Tólf tónum", því öll eintök þess voru uppseld. Vonandi skilar það sér í tæka tíð svo aðalfundargestir megi njóta, því sjón er sögu ríkari.


Af starfi félagsins að öðru leyti er það helst að fréttu að þann 11. mars sl. var lokið við myndbandssýningar á uppfærslu Metropolitan óperunnar í New York á Niflungahringnum og gerði þessi uppsetning mikla lukku hjá þeim sem hana

sáu. Þó voru höfð uppi þau orð að loknum Ragnarökum að frammistaða Gwyneth Jones í lokaatriði Chéreau/Boulez Hringsins yrði seint slegin út, þótt Hildegard Behrens væri að mörgu leyti hrífandi Brynhildur í New York Hringnum. Sömuleiðis var Siegfried Jerusalem óvenju þokkafullur Siegfried. Nú er bara rúmur mánuður í það að Kristinn Sigmundsson fari með hlutverk Hundings í Valkyrjunni í þessari sömu uppfærslu í New York og verður þá Placido Domingo í hlutverki Siegmunds. Erfitt hefur verið að fá miða á þessar sýningar og ekki er vitað hvort einhverjir félagsmenn fari. Hins vegar munu 12 Íslendingar sjá nýja Hringinn í Bayreuth í sumar, en þar mun Domingo einnig syngja Siegmund og hin frábæra Waltraud Meier syngja Sieglinde. Gabriele Schnaut verður Brynhildur, Alan Titus Wotan og Wolfgang Schmidt verður enn á ný í hlutverki Siegfrieds. Hljómsveitarstjóri er Giuseppe Sinopoli, leikstjóri Jürgen Flimm. Nokkrir félagsmenn munu einnig sjá Helsinki uppfærsluna á Hringnum í júní nk, en þar eru Götz Friedrich og Leif Segerstam við stjórnvölinn.

Því miður varða að fella niður kynningarfyrirlestur Stefan Mickisch á Ragnarökum, sem vera átti í samvinnu við íslensku óperuna, Germaníu og Tónlistarskólann í Reykjavík. Í staðinn var nemendum Tónlistarskólans í Reykjavík boðið upp á fyrirlestur Árna Björnssonar um Niflungahringinn og íslenskar rætur hans. Fyrirlesturinn var haldinn 4. mars sl. og var Árni Tómas Ragnarsson nafna sínum til aðstoðar við að sýna valin brot úr Hringnum af myndbandi. Þeir Árnarnir vinna nú saman að lokafrágangi bókarinnar "Wagner og Völsungar" hjá bókaforlaginu Mál og menningu. Akveðið hefur verið að bókin verði um 200 síður með talsverðu myndefni og hefur Árni Tómas tekið að sér myndritstjórn. Formaður og varaformaður félagsins hafa fullvissað Halldór Guðmundsson hjá Mál og menningu um að bókin muni rokseljast meðal félagsmanna og er vonandi að það gangi eftir. Unnið er jafnframt að enskri og þýskri þýðingu bókarinnar til útgáfu erlendis.

Að lokum er minnt á það að sýningin á **Parsifal** um páskana hefur verið flutt frá laugardeginum fyrir páska til mánudagsins annars í páskum, sem er 24. apríl. Sýnd verður nýleg kvikmynd Tony Palmers: "**Parsifal - The Search for the Grail**"

fyrir hönd stjórnarinnar
með kærri kveðju


Selma Guðmundsdóttir formaður